

Varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna

Reglugerð nr. 160/2007

Leiðbeiningar um gerð neyðaráætlana

Neyðaráætlun innri

Skipulagning aðgerða innan starfsstöðvarinnar sjálfur til að halda óhöppum í skefjum, ná stjórn á þeim og lágmarka skaðann. Gerð í samráði við starfsfólk. Efni:

- **Aðgerðastjóri:** Nafn stjórnanda neyðartilfella og tengils við almannavarnir
- **Aðgerðalýsing:** Aðgerðir, úrræði og öryggisbúnaður sem verða virk við hættuáttvik sem gæti hrundið af stað stórslysi
- **Tilkynningar:** Ráðstafanir til fljótvirkrar tilkynningar um slysið og skipulag ítarlegri upplýsingagjafar til viðeigandi aðila, s.s. slökkviliðs og lögreglu
- **Stjórnflæðirit.** Flæðirit sem sýnir á yfirlitsgóðan hátt samskipti og aðgerðir í tilfelli stórslyss: Hlutverk, röðun, aðgerð
- **Starfsmannavernd:** Ráðstafanir til að minnka áhættu viðstaddra; útgáfa viðvarana, skipulag um einstaklingsviðbrögð starfsmanna og viðstaddra í starfsstöðinni
- **Upplýsingar til almanna:** Í innri neyðaráætluninni eiga að vera allar upplýsingar til almanna sem nota þarf við gerð ytri neyðaráætlunar
- **Þjálfun starfsfólks:** Lýsing ráðstafana til að þjálfa starfsfólk og samræmingar við þjálfun ytri neyðarþjónustu, s.s. slökkviliðs, lögreglu, björgunarsveita. Æfingar
- **Umhverfisverndun:** Ráðstafanir, s.s. viðbrögð og búnaður, á vegum stöðvarinnar sjálfur til aðstoðar við að draga úr skaða *utan starfsstöðvar* í tilfelli stórslyss

Neyðaráætlun ytri

Skipulagning aðgerða utan starfsstöðvarinnar, til notkunar fyrir áhrifasvæði mögulegs stórslyss í kring um hana. Gerð í samvinnu við almannavarnir. Efni:

- **Aðgerðastjóri:** Nafn eða staða þess sem heimilt er að hefja og stjórna neyðar- aðgerðum almanna, slökkviliðs o.fl. utan starfsstöðvar og samræma þær
- **Tilkynningar:** Ráðstafanir og aðferðir til að fá sem fyrst tilkynningu um óhapp; aðferðir við útkall og við að koma viðvörðunum á framfæri
- **Samræming:** Ráðstafanir til þess að samræma úrræði innan starfsstöðvar og utan þegar ytri neyðaráætlun er gangsett
- **Varnir starfsstöðvar:** Ráðstafanir, s.s. lögreglu og slökkviliðs, til að aðstoða við að draga úr skaða inni í starfsstöð
- **Varnir umhverfis:** Ráðstafanir hjá almannavörnum, lögreglu, slökkviliði eða björgunarsveitum til þess að draga úr skaða utan starfsstöðvar
- **Upplýsingadreifing:** Ráðstafanir til að dreifa fyrirframgerðum og nýjum upplýsingum til almennings um slysið og hvernig á að bregðast við